

Stjórnarfundur PGA 13.02.2025.

Fundarmenn:

Björn Kristinn Björnsson, Þórður Rafn Gissurarson, Auður Björt Skúladóttir, Berglind Björnsdóttir, Íris Lorange Káradóttir, Hlöðver Guðnason, Margeir Vilhjálmsson.

Fjarverandi: Andrea Ásgrímsdóttir

Fundur settur kl 13:10.

Mál fundar:

- Kosningar á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og mótsstjóra.
- Laganefnd og lagabreytingar.
- Skólamál.
- Aukaaðalfundur.

1. Kosningar á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og mótsstjóra.

Formaður – Björn Kristinn Björnsson.

Varaformaður – Þórður Rafn Gissurarson.

Gjaldkeri – Margeir Vilhjálmsson.

Ritari – Íris Lorange Káradóttir.

Mótsstjóri – Stjórnin sem heild.

Laganefnd og lagabreytingar.

Stjórnin leggur til að tveir aðilar úr stjórn sitji í laganefnd ásamt tveimur félagsmönnum í PGA. Hlöðver og Margeir verða í nefndinni fyrir hönd stjórnar. Stjórnin leggur til lagabreytinga á eftirfarandi:

Skólamál.

Upphaf næsta skóla voru rædd, lagt til með að bíða með næsta skóla þangað til haustið 2026. Inntökuskilyrði skólans voru rædd ásamt grindum skólans og aðkomu stjórnar að skólanum.

Aukaaðalfundur.

Dagsetning fyrir auka aðalfund var sett fyrir 30.05.2025, seinni part dags. Dagskrá auka aðalfundar kemur síðar.

Önnur mál.

Skoðanakönnun verður lögð fram fyrir bæði nemendur skólans ásamt félagsmönnum PGA. Formaður óskar eftir nýjum myndum af félagsmönnum ásamt upplýsingum sem félagsmenn vilja koma á framfræri á heimasíðu PGA. Umræða varðandi netföng @pga.is fyrir félagsmenn gegn vægu gjaldi.

Næstkomandi endurmenntun í mars verður frí fyrir félagsmenn, stjórnin leggur til að selja aðgang að viðburði fyrir utanaðkomandi á 10.000kr.

Þórður Rafn tók á sig að heyra í 66° varðandi fatnað félagsmanna fyrir árið 2025. Mótahald PGA var rætt, tillaga um að senda lið fyrir hönd félagsins á liðakeppni CPG, CPG heldur liðakeppnismót út um allan heim. Lagt var til að félagsmenn gæti spilað um sæti í liðinu. Frekara skipulag kemur síðar. PGA hefur óskað eftir fundi með GSÍ varðandi hlutverk PGA í samstarfi við GSÍ.

Næsti stjórnarfundur verður 06.03.2025.

Fundi slitið 15:20